



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 26. nóvember 2019

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 22. nóvember sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, voru unnar af mótanefnd KSÍ og laga- og leikreglanefnd KSÍ. Breytingum þessum má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða breytingar sem tilkomnar eru vegna samþykkrar ályktunartillögu frá Breiðablik á þingskjali nr. 10 á ársþingi KSÍ 2019 og snýr að hlutgengi leikmanna í yngri flokkum. Hins vegar er um að ræða breytingar sem m.a. voru lagðar til af mótanefnd KSÍ og lýtur að mótahaldi. Um ræðir breytingar á eftirfarandi ákvæðum:

- Greinar 2, 7, 25, 26, 27, 33, 34 og 35
- Greinar 4, 9, 14, 19, 24 og 33

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

2. gr. *Aldursflokkaskipting*

Fyrir samþykktar breytingar:

- 2.2. Hverjum aldursflokkum má skipta niður í lið eftir getu. Skal skipta 1. aldursflokkum þannig að besta liðið heiti meistaraflokkur. Öðrum aldursflokkum skal skipt niður í A, B og C lið og svo framvegis. Þeim má skipta eftir getu í lið 1, 2, 3 og svo framvegis.

Eftir samþykktar breytingar:

- 2.2. Efsti aldursflokkur ber heitið meistaraflokkur. Í öðrum aldursflokkum skal liðum skipt í keppnisröð eftir getu niður í A, B, C o.s.frv. en þeim liðum má jafnframt skipta eftir getu í lið 1, 2, 3 o.s.frv. Í dæmaskyni: Lið A1 er ofar í keppnisröð en A2, A2 er ofar en B1, B1 er ofar en B2, B2 er ofar en C o.s.frv.

7. gr.

Takmörkun á hlutgengi

Nýtt ákvæði 7.5:

- 7.5. Um hlutgengi leikmanna í leikjum í 2., 3. og 4. aldursflokki karla og kvenna gildir eftirfarandi:
- 7.5.1. Ef félag tilkynnir fleiri en eitt lið til þátttöku í Íslandsmóti sama aldursflokks skal liðum vera skipt í samræmi við gr. 2.2.
- 7.5.2. Félag sem hefur tilkynnt fleiri en eitt lið til þátttöku í Íslandsmóti er heimilt tefla fram í hverju liði leikmönnum sem voru ekki á meðal byrjunarliðsmanna og/eða tóku þátt í fyrri hálfleik liða sem eru ofar í keppnisröð í sama aldursflokki í næsta leik á undan.
- 7.5.3. Leikmönnum í 2. og 3. aldursflokki er óheimilt að leika með tveimur eða fleiri liðum sama dag með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik í leik liðs ofar í keppnisröð er heimilt að leika með liði neðar í keppnisröð í næsta leik þar á eftir, sbr. þó gr. 7.4. Leikmönnum í 4. aldursflokki er óheimilt að leika með tveimur eða fleiri liðum sama dag með þeirri undantekningu að leikmaður sem var ekki í byrjunarliði í leik liðs ofar í keppnisröð er heimilt að leika með liði neðar í keppnisröð í næsta leik þar á eftir, sbr. þó gr. 7.4.
- 7.5.4. Í úrslitakeppni í 3. og 4. aldursflokki karla og kvenna er heimilt að tefla fram í hverju liði leikmönnum sem ekki eru á meðal þeirra 11 leikmanna sem byrjað hafa flesta leiki liða í Íslandsmóti sem eru ofar í keppnisröð í sama aldursflokki. Ef ekki er ljóst hvaða 11 leikmenn hafa leikið flesta leiki, þar sem tveir eða fleiri hafa leikið jafn marga leiki, þá eru þeir leikmenn allir óhlutgengir.
- 7.5.5. Félag sem hefur tilkynnt fleiri en eitt lið til þátttöku í Íslandsmóti í sama aldursflokki ber ábyrgð á hlutgengi og talningu á leikjafjölda leikmanna.
-

Um leið falla út sérstök ákvæði um hlutgengi í 2., 3., og 4. aldursflokki karla og kvenna (greinar 25, 26, 27, 33, 34 og 35) falli út að frátöldum ákvæðum er varða hlutgengi á milli aldursflokka.

Samantekt

Um er að ræða breytingar sem unnar voru af mótanefnd KSÍ og laga- og leikreglnanefnd KSÍ í kjölfar samþykkrar ályktunartillögu frá Breiðablik á þingskjali nr. 10 á ársþingi KSÍ 2019. Tillagan felur í sér einföldun á reglugerðinni þannig að nú er skerpt á 2. grein um aldursflokaskiptingu og eitt almennt hlutgengisákvæði fyrir 2., 3. og 4. aldursflokki í 7. grein. Nýjum ákvæðum er ætlað að einfalda hlutgengi leikmanna, einkum heimild til að leika í lægra skipuðum liðum innan sama aldursflokks. Eftir sem áður eru ákveðnar takmarkanir leikmanna sem hefja leik eða taka þátt í fyrri hálfleik í ofar röðuðu liði auk þess sem takmarkanir eru varðandi úrslitakeppnir og leikmenn sem leika með eldri aldurflokki en þeir tilheyra.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

4. gr.

Framkoma og ábyrgð

Nýtt ákvæði 4.4.:

- 4.4. Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilar sem taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning. Leikmanni, forsvarsmanni félags eða starfsmanni leiks eða félags sem leitað er til af aðila sem hefur í hyggju að hafa óeðlileg afskipti af úrslitum leikja með aðstoð framangreindra aðila ber skylda til þess að tilkynna slíkt tafarlaust til skrifstofu KSÍ.
-

6.gr.

Verðlaunagripir og verðlaunapeningar

Fyrir samþykktar breytingar:

- 6.5. Fjöldi verðlaunapeninga til verðlaunahafa skal vera 20 en þó skal KSÍ heimilt að verðlauna fleiri þátttakendur gerist þess þörf. Þegar við á skal fjöldi verðlaunapeninga vera 14 (innanhússknattspyrna og knattspyrna í 7 manna liðum).

Eftir samþykktar breytingar:

- 6.5. Fjöldi verðlaunapeninga til verðlaunahafa skal vera 25 en þó skal KSÍ heimilt að verðlauna fleiri þátttakendur gerist þess þörf. Þegar við á skal fjöldi verðlaunapeninga vera 14 (innanhússknattspyrna og knattspyrna í 7- og 8 manna liðum).
-

9.gr.

Leikskýrsla

Nýtt ákvæði 9.2.3.(var áður ákvæði til bráðabirgða):

- 9.2.3. Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 9.2., skal félaginu gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.
-

9.gr.
Leikskýrsla

Fyrir samþykktar breytingar:

- 9.6. Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skráir hana í gagnagrunn KSÍ. Hann skal skrá allar nauðsynlegar upplýsingar á skýrsluna skv. fyrirmælum KSÍ sem og hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur af KSÍ skal dómari sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrsluna skal setja í póst eigi síðar en næsta virka dag eftir leik eða henni skilað skv. fyrirmælum KSÍ.

Eftir samþykktar breytingar:

- 9.6. Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skráir hana í gagnagrunn KSÍ. Hann skal skrá allar nauðsynlegar upplýsingar á skýrsluna skv. fyrirmælum KSÍ sem og hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur af KSÍ skal dómari sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrslu skal skilað skv. fyrirmælum KSÍ.

14.gr.
Sameiginleg lið

Fyrir samþykktar breytingar:

- 14.1. Heimilt er tveimur félögum eða fleiri á sama landsvæði að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi eða öðrum félögum í sama aldursflokki.

Eftir samþykktar breytingar:

- 14.1. Heimilt er tveimur félögum eða fleiri að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi eða öðrum félögum í sama aldursflokki.

15.gr.
Framkvæmd og skipulag leikja

Fyrir samþykktar breytingar:

- 15.7. Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komi félag sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykkja það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. Mótanefnd getur hins vegar hagað niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félag missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokki. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð.

Óskir um breytingar á útgefinni leikjaskrá skulu berast mótanefnd á þar til gerðu eyðublaði, útgefnu af mótanefnd. Sérstakt breytingagjald skal innheimt ef ósk um breytingu á leik berst innan við 7 daga fyrir leikdag. Gjald þetta er kr. 2.000.- í yngri aldursflokki en kr. 15.000.- í meistaraflokki. Ekki er innheimt gjald ef óskinn um

breytingu er nauðsynleg vegna verkefna landsliða eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Mótanefnd er heimilt að setja nánari reglur um verklag og skulu þær koma fram á eyðublaði nefndarinnar. Félög geta óskað eftir breytingum á leikjum í Pepsi-deild kvenna ef landsleikur yngri landsliða verða til þess að leikmaður eða leikmenn viðkomandi félags geti ekki leikið með félagsliðum sínum. Mótanefnd skal verða við ósk um breytingu enda sé hún rökstudd og henni verður viðkomið.

Eftir samþykktar breytingar:

- 15.7. Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komi félög sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykkja það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. Mótanefnd getur hins vegar hagað niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félög missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokki. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð.

Óskir um breytingar á útgefinni leikjaskrá skulu berast mótanefnd á þar til gerðu eyðublaði, útgefnu af mótanefnd. Sérstakt breytingagjald skal innheimt ef ósk um breytingu á leik berst innan við 7 daga fyrir leikdag. Gjald þetta er kr. 2.000.- í yngri aldursflokki en kr. 15.000.- í meistaraflokki. Ekki er innheimt gjald ef ósk um breytingu er nauðsynleg vegna verkefna landsliða eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Mótanefnd er heimilt að setja nánari reglur um verklag og skulu þær koma fram á eyðublaði nefndarinnar. Félög geta óskað eftir breytingum á leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna ef leikir U17 ára eða eldri landsliða verða til þess að leikmaður eða leikmenn viðkomandi félags geti ekki leikið með félagsliðum sínum. Mótanefnd skal verða við ósk um breytingu enda sé hún rökstudd og henni verður viðkomið.

23.gr.

Meistaraflokkur karla

Fyrir samþykktar breytingar:

- 23.1.9. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu tveimur umferðum í Pepsi-deild karla á sama tíma. Sama gildir um síðustu tvær umferðir í 1. deild karla. Leikir í þessum umferðum, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum (rétt til þátttöku í Evrópukeppni), skulu ávallt fara fram á sama tíma. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessum umferðum, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.

Eftir samþykktar breytingar:

- 23.1.9. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu umferð í Pepsi-deild karla á sama tíma. Sama gildir um síðustu umferð í 1. deild karla. Leikir í síðustu umferð deilda, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum (rétt til þátttöku í Evrópukeppni), skulu ávallt fara fram á sama tíma nema óviðráðanlegar aðstæður (t.d. veður) valdi að því verði ekki við komið að mati mótanefndar. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessum umferðum, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.
-

32.gr.

Meistaraflokkur kvenna

Fyrir samþykktar breytingar:

32.1.7. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í tveimur síðustu umferðum í Pepsi-deild kvenna á sama tíma. Leikir í þessum umferðum, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum skulu ávallt fara fram á sama tíma. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessari umferð, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.

Eftir samþykktar breytingar:

32.1.7. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu umferð í Pepsi-deild kvenna á sama tíma. Leikir í síðustu umferð deilda, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum skulu ávallt fara fram á sama tíma nema óviðráðanlegar aðstæður (t.d. veður) valdi að því verði ekki við komið að mati mótanefndar. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessari umferð, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.

33.gr.

2. flokkur kvenna

Nýtt ákvæði 33 (var áður ákvæði til bráðabirgða):

11 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5.

Um leið var samþykkt að ákvæði um keppni leikmanna 23 ára eða yngri (málgrein 2.b, 3.a. og 7 í 19. grein og grein 24) falli úr reglugerðinni.

Samantekt

Breyting ofangreindra ákvæða eru í meginatriðum eftirfarandi:

- a) Sett er inn ákvæði í samræmi við breytingu á lögum ÍSÍ um að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi leikja (gr. 4.4.).
- b) Með stærri leikmannahópum og fleira aðstoðarfólki þykir ástæða til að fjölga verðlaunapeningum til liða sem hljóta verðlaun að mótum loknum (gr. 6).
- c) Í grein 9.6. er gert ráð fyrir skilum á leikmannalistum. Ákvæði til bráðabirgða hefur gert ráð fyrir að heimilt sé að lagfæra leikmannalista og hvað skuli gert séu skilyrði 9. gr. ekki virt. Ákvæðið er nú ekki lengur bráðabirgðaákvæði heldur hluti af reglugerðinni.
- d) Gerð er tillaga um að sameiginleg lið þurfi ekki að vera af sama landssvæði (gr. 14.1). Nokkur dæmi er um samstarf félaga sem ekki eru á sama landssvæði og hefur það ekki valdið neinum vandræðum. Hins vegar er í lögum FIFA áfram komið í veg fyrir að félög á mismunandi landsvæðum sameinist ef það kann að skaða heilindi viðkomandi keppni, t.d. ef félag í neðri deildum sameinast félagi í efri deild til þess eins að komast upp um deild. Um er að ræða 9. gr. reglugerðar um framkvæmd FIFA laganna (FIFA Statutes – Regulations governing the application of the statutes).
- e) Í 15. grein reglugerðarinnar er skerpt á ákvæði um hvenær heimilt er að fá leikjum frestað í Pepsi Max deild kvenna.
- f) Í 19. grein eru felldar niður tilvísanir í keppni U-23 ára liða sem hefur ekki verið við lýði um langa hríð, en bætt inn 4. deild karla.
- g) Í 23. grein er bætt inn breytingu samkvæmt tillögu mótanefndar um að einungis þurfi að leika alla leiki á sama tíma í lokaumferð Pepsi Max deild karla og Inkasso deild karla nema óviðráðanlegar aðstæður (t.d. veður) valdi að því verði ekki við komið. Sambærilegu ákvæði um Pepsi Max deild kvenna er breytt á sama hátt.
- h) Ákvæði um U-23 deild karla verði felld úr reglugerð.
- i) Í 33. grein hefur bráðabirgðaákvæði um hlutgengi eldri leikmanna í 2. flokk kvenna verði gert að hluta reglugerðarinnar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.